

Íbúaráð Vesturbæjar 17. apríl 2023: Tillaga íbúaráðs Vesturbæjar, dags. 17. apríl 2023, um akstursbann hóp bifreiða:

Íbúaráð Vesturbæjar leggur til að akstursbann hóp bifreiða verði framlengt vestur að Ánanaustum. Akstursbannið afmarkist þá af Mýrargötu að norðan, Ánanaustum að vestan og Hringbraut, Hofsvallagötu og Túngötu að sunnan.

Greinargerð:

Íbúar í Vesturbæ hafa kvartað nokkuð undan umferð hópferðabifreiða, sér í lagi við hótelin við Nýlendugötu. Ónæði hefur orðið vegna þeirra sem loka aðgengi og rekist hafa í bifreiðar íbúa. Tillögu þessa leggur íbúaráðið til í kjölfar samráðsfundar með helstu hagsmunaaðilum á vegum Reykjavíkurborgar þar sem almenn sátt ríkti um þessa útfærslu.